

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi Hvamms, Hvammsvík.

Sveitarstjórn Kjóshrepps samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur. Markmið breytingar þessarar er tilfærsla og smávægileg breyting á byggingarreit einnar lóðar, Langamels 9. Tilgangur breytingarinnar er að færa byggingarreit frá læk sem er á lóðinni til að vernda það landslag sem er til staðar á lóðinni í dag. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 13. júlí 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar voru innan svæðisins en umsækjandi var ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Kjóshreppi, 18. nóvember 2024.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2024